

**Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]**

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

**1. gr.**

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

**I. KAFLI**

**Um aflatryggingar.**

**2. gr.**

3. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll fiskiskip bátaflotans og öll síldveiðiskip án tillits til stærðar.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga allir íslenskir togarar.

Hlutverk jöfnunardeilda er að veita hinum deildunum lán eða styrki, svo og að greiða sérstakar bætur vegna friðunar hrygningarsvæða samkv. síðustu mgr. 10. gr.

**3. gr.**

4. gr. breytist þannig:

Í stað orðsins „veiðistöð“ í 1. tölulið komi „bótasvæði.“

2. másl. 1. töluliðs hljóði svo:

Stundi skipið ekki veiðar með eðlilegum hætti, þar með talin stærð áhafnar, lengd úthaldstímabils og veiðibúnaðar, breytist bótaréttur hlutfallslega.

2. másl. 4. töluliðs hljóði svo:

Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum og kauptryggingu á hinum ýmsu veiðum.

**4. gr.**

5. grein breytist svo:

Í stað orðsins „verstöð“ í 1. másl. 1. mgr. komi „bótasvæði“.

Orðin „og eigi síðar en . . .“ í niðurl. 1. másl. 1. mgr. falli niður, en í stað þeirra komi: „Berist skýrslur eigi innan árs frá lokum viðkomandi vertíðar eða tryggingartímabils, fellur bótaréttur niður.“

**5. gr.**

6. gr. orðist svo:

Það telst almennur aflagrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki hinnar almennu deilda bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni samkvæmt 4. gr. Þó skal sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður liggja til þess, að ákveða fyrir hina almennu deild bátaflotans, að þessi hundraðstala skuli vera 80 fyrir haustvertíð.

**6. gr.**

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt

tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 2. mgr., sem verður 3. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 2. mgr.

#### 7. gr.

8. gr. falli niður, en í stað hennar komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans eru eignir síldveiðideildar og hinnar almennu deildar bátaflotans við gildistöku laga þessara.

Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru krónur 20 000 000.00, sem ríkissjóður greiði með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 8 árum eftir árslok 1969.

#### 8. gr.

Upphaf 1. töluliðar 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsveiðum).

2. töluliður 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. tölulið. Niður falli síðari hluti 1. mgr. 9. gr. svo hljóðandi:

„Ríkissjóður sér um innheimtu á o. s. frv.“, svo og 2. og 3. mgr. En í staðinn komi þrjár nýjar mgr. svo hljóðandi:

Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. tölulið 1. mgr.

Tekjur samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. skiptast þannig milli deilda: Í hina almennu deild bátaflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum bátaflotans. Í hina almennu deild togaraflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum togaraflotans.

Tekjur samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. renna óskiptar í jöfnunardeild.

#### 9. gr.

10. gr. breytist þannig:

Upphaf gr. orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um batur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta. Þó aldrei meira en samsvarar því að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að batur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðari málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr. svo hljóðandi:

Óheimilt er að greiða batur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Við greinina bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða batur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar

nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar. Heimild þessi ná aftur til 10. maí 1969.

**10. gr.**

Í stað „30 millj. kr.“ í 11. gr. komi „60 millj. kr.“

**11. gr.**

Orðið „vitaverð“ í 2. másl. 12. gr. falli niður og í stað orðsins „mikil víti“ í sama másl. komi orðin „mikla vanrækslu“.

**12. gr.**

Á eftir 14. gr. komi nýr kafli, sem verði 15.—20. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því, þannig:

**II. KAFLI**

**Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómannna.**

**15. gr.**

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

**16. gr.**

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1.5% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

**17. gr.**

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línu-bátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 100 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvisitölu frá 1. janúar 1970.

**18. gr.**

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

13. gr.

Á eftir 20. gr. komi nýr kafli:

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr. verði 21. gr.

16. gr. falli niður.

17. gr. verði 22. gr.

Bráðabirgðaákvæði falli niður.

14. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi 1., 3. og 4. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er lagt var fram á síðasta Alþingi, að undanskildum breytingum, sem gerðar hafa verið til samræmis við ákvæði laga nr. 68 12. maí 1970 um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og bráðabirgðalög nr. 74 1. júní 1970 um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Er frumvarpið var síðast lagt fram, fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Hinn 16. júní 1965 var skipuð 7 manna nefnd, samkvæmt þingsályktun hinn 31. marz 1965, til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar á lögnum. Nefndin skilaði álit í desember s. l., og er frumvarp það, er hér er lagt fram, samhljóða frumvarpi, er nefndin afhenti með álit sínu, með þeirri breytingu, að lagt er til, að framlag ríkissjóðs, samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna, verði fjórðungur í stað þess að vera jafnt tekjum á móti 1. tölulið 1. mgr. 9. gr., eins og nefndin leggur til.

Ástæður þessarar breytingar á frumvarpi nefndarinnar eru þær, að talið er að tekjur aflatryggingasjóðs verði með þessum hætti nægar til að standa undir útgjöldum hans, en á það má benda, að tekjur aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi jukust um 36 millj. króna á árinu 1969 frá árinu áður. Þetta er svipuð upphæð og gert var ráð fyrir við upphaf ársins, en þá var lögð til grundvallar útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir það ár. Á þeim tíma var talið kleift að lækka framlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi úr helmingi í fjórðung árið 1969, án þess að breyta þyrfti starfsreglum sjóðsins, og var við þetta miðað í fjárlögum 1969. Með lögum nr. 74/1969 var mótframlag ríkissjóðs lækkað í fjórðung útflutningsgjalds, og tók það ákvæði til ársins 1969. Með breytingunni er lagt til, að

framlagið verði framvegis fjórðungur útflutningsgjalds, og er þá miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur, en hún gefur til kynna, að með þessu móti geti sjóðurinn starfað eftir sömu reglum og hingað til.

Frumvarpi því, er nefndin skilaði, fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

#### *I. Almennar athugasemdir.*

Hinn 31. marz 1965 var samþykkt á Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. Nefndin skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutaryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.“

Hinn 16. júlí 1965 voru eftirgreindir menn tilnefndir í nefndina:

Sigfús Bjarnason frá Sjómannasambandi Íslands.

Margeir Jónsson frá Fiskifélagi Íslands.

Tryggvi Helgason frá Alþýðusambandi Íslands.

Örn Steinsson frá Farmanna- og fiskimannasamb. Íslands.

Ágúst Flygenring frá Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Ingvar Vilhjálmsson frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Már Eltsson var skipaður formaður.

Þingsályktunartillagan gerði ráð fyrir, að nefndin kynnti sér vandlega skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum og reynslu þeirra af starfsemi sjóðsins. Að loknu nokkru undirbúningsstarfi var öllum félögum og samtökum ofangreindra aðila skrifað um málið og tillagna þeirra og ábendinga óskað.

Eftirtekja þessa var rýr og þrátt fyrir eftirgangsmuni og oftsinnis framlengd tímamörk til svara bárust nefndinni einungis fá svarbréf.

Eru þessi bréfaskipti birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Jafnframt tilskrifum þessum, hafði nefndin og einstakir nefndarmenn samband við marga útvegsmenn og sjómenn og leitaði álits þeirra.

Fiskiping hefur jafnan haft málefni sjóðsins á dagskrá og gert um þau tillögur, auk þess sem sérstök nefnd Fiskifélagsins hafði fjallað um málið. Voru allar þessar tillögur vandlega íhugaðar.

Nefndin ræddi strax í upphafi um það, hvort gera skyldi tillögur um grundvallarbreytingar á núgildandi lögum. Kom til álita að breyta reglum um bótaútreikninga og bótagreiðslur. Koma ýmsir möguleikar til greina, svo sem breytingar á bótaútreikningi, að taka upp greiðslur á úthaldsdag eða á hvert aflað kíló o. fl. Einnig var rætt um stofnun séreignadeildar fyrir hvern bát — sbr. bréf hér á eftir. Þessar hugmyndir fengu ekki stuðning meiri hluta nefndarinnar.

Eins og síðar kemur fram, urðu nefndarmenn sammála um að hraða ekki störfum, en að reyna að vanda þau því meira. Auk þess var dráttur mikill á svörum frá þeim aðilum, sem nefndin leitaði til.

Þar sem starfstími nefndarinnar var af þessum ástæðum alllangur, hafði hún möguleika á að fylgjast með þróun og starfsháttum sjóðsins á tveimur ólíkum skeiðum í sögu hans, þ. e. góðærinu 1965 og 1966, og er halla tók undan fæti 1967 og 1968, er heildaraflinn nam tæplega helmingi afla ársins 1966.

Að sjálfsögðu mæddu þessar sveiflur mjög á sjóðnum, enda hlutverk hans að mæta sveiflum.

Nefndin þykist geta dregið ýmsar ályktanir af þeirri reynslu, sem fékkst á þessu tímabili.

Er nefndin þeirrar skoðunar, að nógildandi lög hafi í stórum dráttum náð tilgangi sínum — sbr. 2. gr. þeirra. — Af þeim sökum leggur nefndin ekki til neinar stórvægilegar breytingar á umgerð þeirri, er nógildandi lög mynda. Er hvort tveggja, að lítillar óánægju (líklega þvert á móti) hefur orðið vart um gildandi lög hjá þeim aðilum, er látið hafa í ljós álit sitt, og að nefndin telur reynsluna sanna, að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði laganna rúm, þ. e. að þau skilgreini ekki í smáatriðum sem flest svið framkvæmdar þeirra.

Í öðru lagi er nefndinni ljósari en áður nauðsyn sjóðsmyndunar. Að öðrum kosti getur sjóðurinn vart sinnt því meginhlutverki að mæta sveiflum í aflabrögðum. Af þessari ástæðu leggst nefndin eindregið gegn þeim hugmyndum, er fram hafa komið undanfarið um skerðingu á þeim tekjustofnum sjóðsins, sem lög hans gera ráð fyrir. Þvert á móti leggur nefndin til nokkra aukningu tekna, öðrum þræði einnig vegna þess að tillögur hennar um breytingar á lögnum munu án efa hafa í för með sér einhverja útgjaldaaukningu, ef samþykktar verða.

Telur nefndin, að þýðingarmestu breytingartillögurnar nái ekki tilgangi sínum, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að auka tekjur sjóðsins — sbr. aðallega ákvæði 3. og 5. gr. frumvarps þessa. —

Nefndin telur erfitt að benda á aðrar og efnislega gjörólíkar leiðir en sjóðsstjórnin hefur valið við framkvæmd laga sjóðsins, einkum ef hafðar eru í huga þær reglur, er sjóðsstjórnin hefur sett sér og sem nánar er lýst í næsta kafla þessa nefndarálits.

Tillögurnar gera þó ráð fyrir nokkrum þýðingarmiklum stigsbreytingum, sem gera nauðsynlega aðra túlkun ýmissa lagagreina en nú er við höfð.

## *II. Athugasemdir við einstakar greinar.*

### *Við 1. gr.*

Heppilegt þótti að skipta lögnum í tvo kafla eftir að lögfest var ný, sérstök deild við aflatryggingasjóð sbr. 1. kafla frumv. þessa, sbr. og lög nr. 74 28. maí 1969.

### *Við 2. gr.*

Lagt er til, að báðar deildir bátaflotans verði sameinaðar í eina deild. Yrði þetta fyrst og fremst mikil hagræðing á störfum stjórnar og starfsmanna sjóðsins, en felur að öðru leyti ekki í sér efnisbreytingu.

### *Við 3. gr.*

Fyrsta breytingatillagan er orðalagsbreyting. Fleiri en ein veiðistöð geta myndað bótasvæði. Þykir því réttara að nota orðið bótasvæði.

Önnur tillagan felur í sér þýðingarmikla breytingu. Verið er að taka af allan efa um, að sjóðsstjórnin hafi heimild til að meta úthald báta og að skerða bætur eða bæta við, ef um frávík er að ræða frá eðlilegu almennu úthaldi eða meðalúthaldi.

Loks er um að ræða breytingatillögu, sem mikið hefur verið rædd og mikið deilt um. Sjóðsstjórnin hefur hingað til í flestum tilfellum stuðzt við meðalaflla tiltekens tímabils við ákvörðun svonefnds meðalveiðimagns, sem bætur reiknast út frá. Nú er gerð tillaga um, að einnig skuli höfð hliðsjón af útgerðarkostnaði a. m. k. að hluta.

Ef samþykkt verður, er þessi breyting ekki eins róttæk og í fljótu bragði má telja. Stafar það m. a. af þeim reglum, er sjóðsstjórnin hefur sett sér við ákvörðun meðalveiðimagns og sem lýst er í III. kafla nefndarálitsins, þar sem rætt er um út-reikningsreglur o. fl.

### *Við 4. gr.*

Hér er fyrst um sömu orðalagsbreytingu og lýst er í 4. gr. og einnig áréttning á því, að eigi sé unnt að halda bótarétti opnum í mörg ár.

### *Við 5. gr.*

Hér er um að ræða nýtt ákvæði um að heimila sjóðsstjórn að hækka bætur á haustúthaldi við sérstakar aðstæður, sem hún verður að meta, en haustúthald er oft

með afbrigðum erfitt og meðalveiðimagn víðast hvar lágt. Er með þessari tillögu verið að reyna að veða á móti og stuðla að því, að útgerð leggist ekki niður á haustin.

#### Við 6. gr.

Hér er lagt til samkvæmt sérstökum tilmælum Fiskipings, að sjóðsstjórnin geti haft fulltrúa í þar til greindum landshlutum, sem auk þekkingar á málefnum sjóðsins, hafi nægilega staðarþekkingu til brunns að bera, er geri honum kleift að vera sjóðsstjórninni til ráðuneytis, er vandamál viðkomandi landshluta ber sérstaklega á góma. Þá er og ákvæði um þóknun og ferðakostnað til þessara fulltrúa, ef sjóðsstjórnin þarf að kveðja þá til fundar við sig, sem þarf þó ekki alltaf að vera. Þá er lagt til samkv. sérst. tilmælum F.F.S.Í. að fjölgað verði í stjórninni.

#### Við 7. gr.

Þessar tillögur skýra sig að mestu sjálfar. Stofnfé togaradeildar er hér talið 20 millj. króna, sem eru eftirstöðvar þess framlags, sem ákveðið var, þegar lögum sjóðsins var breytt 1963.

#### Við 8. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til, að veiðar á hrognkelsum heyri ekki undir sjóðinn. Er þetta staðfesting á venju, sem skapazt hefur.

Í öðru lagi er lagt til, að framlag ríkissjóðs verði aukið verulega. Er það bæði rökstutt með því, að útgjöld sjóðsins munu aukast, að nauðsynlegt er að mynda sjóði, eins og frá greinir í inngangi þessa álits, og síðast en ekki sízt með því, að stofnun og starfsemi aflatryggingasjóðs hafi firrt ríkissjóð miklum vanda, sbr. t. d. árabilið frá stríðslokum og til 1950.

Enn fremur er lagt til, að ríkissjóðsframlagið renni óskert í jöfnunardeild sjóðsins.

#### Við 9. gr.

Hér er lagt til að hámarksupphæð bóta verði takmörkuð nokkuð. Sjaldgæft er, að bætur séu greiddar af hærri hundraðshluta en  $\frac{2}{3}$  þess, sem á vantar meðalveiðimagn, enda er þá oft eitthvað að. Er hér því um að ræða staðfestingu á þeirri hámarksupphæð bóta, sem sjóðsstjórnin hefur markað og telur eðlilega.

Lagt er til, að við gr. verði bætt nýrri mgr. um bætur vegna skerðingar á veiðiréttindum, þegar tiltekin, takmörkuð veiðisvæði eru friðuð vegna hrygningar nytjafiska. Er hér um að ræða nýmæli, sem á rétt á sér, eftir því sem fram kom eftir setningu landhelgislaganna nr. 20 frá 30. apríl 1969. Með þeim lögum voru botnvörpuveiðiheimildir auknar til mikilla muna, og í ljós hefur komið, að með þeim eru m. a. opnuð svæði, sem nauðsynlegt getur reynzt að friða vegna hrygningar nytjafiska. Það getur borið við, að skyndilega þurfi að friða tiltekin svæði um tiltekinn tíma af þessum sökum, en það þarf ekki alltaf að vera nákvæmlega sama svæðið eða að friðunin eigi sér stað á nákvæmlega sama tíma ár hvert. Hins vegar geta svona ráðstafanir í einstökum tilfellum valdið takmörkuðum hópi báta fjárhagstjóni. Þar sem svo hagar til, og með tilliti til þess, að slíkar ráðstafanir eru yfirleitt gerðar í þágu heildarhagsmuna, þykir rétt, að opnuð sé leið til að bæta að vissu marki það fjárhagstjón, sem af slíku hlýzt. Hins vegar er erfitt að átta sig á, hver þróun getur orðið í slíkum friðunaraðgerðum í framtíðinni og þar með hvort hún kynni að leiða til óeðlilegra bótakrafna á hendur sjóðnum, og er því lagt til, að hér sé aðeins um að ræða heimild til sjóðsstjórnar til að greiða bætur, en ekki skyldu.

#### Við 10. gr.

Vegna annars verðgildis krónunnar þykir eðlilegt að hækka þessa lánsheimild.

Í II. kafla frumv. þessa eru felld inn ákvæði laga nr. 77 28. maí 1969 um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómannanna, en þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og bátasjómannanna 11. febr. og 18. febr. s.l. Þegar frumv. til laga þessara var lagt fyrir Alþingi s.l. vor, fylgdi því að sjálfsögðu greinargerð, og þar sem málið

er svo nýtt af nálinni, aðeins nokkurra mánaða gamalt, er ekki ástæða til að gera því frekari skil hér.

Hér er þó gerð tillaga um þá breytingu á 18. gr., að greiðslur úr deildinni verði bundnar við tryggingartímabil. Þetta er til hagræðis fyrir útvegsmenn, vegna þess að í lok tryggingatímabila gera þeir upp fæðiskostnað samkvæmt fæðisdagagjölda og eiga þá auðveldara með að gefa skýrslur um hann til aflatryggingasjóðs. Þessi breyting leiðir ekki til neinna tafa á greiðslum fæðispeninga til sjómanna.

Aðrar greinar skýra sig sjálfar.

Reykjavík, 12. des. 1969.

Már Elísson, Ágúst Flygenring, Ingvar Vilhjálmsson, Margeir Jónsson.  
formaður.  
Sigfús Bjarnason, Tryggvi Helgason, Örn Steinsson.

### III. Ýmsar skýringar á lögum og reglugerð um aflatryggingasjóð.

Hér á eftir verður leitast við að lýsa í stuttu máli lögum og reglugerð um hluttryggingasjóð sjávarútvegsins — síðar aflatryggingasjóð sjávarútvegsins — og þeim breytingum, sem lög og reglugerð hafa tekið frá upphafi. Jafnframt verður leitast við að skýra ýmsar framkvæmdareglur, sem sjóðsstjórnin óhjákvæmilega hefur þurft að setja.

#### A. Lög sjóðsins.

Lögum um hluttryggingasjóð — síðar aflatryggingasjóð — hefur tvívegis verið breytt, síðan til hans var stofnað með lögum nr. 48 25. maí 1949.

Í fyrra skiptið — á árinu 1958 — var um að ræða breytingu, sem fól í sér hækkun tekna síldveiðideildar úr 0.5% útflutningsverðmætis sjávarafurða í 0.75% með tilsvarendi hækkun á framlagi ríkissjóðs. Jafnframt var ákveðið að láta sjóðinn ná yfir síldveiðar með reknétjum auk herpinótaveiðanna. Er þessa breytingu að finna í lögum nr. 38 24. maí 1958. Hin síðari lagabreyting, sem framkvæmd var á árinu 1962, var yfirgripsmeiri. Var þá nafni sjóðsins breytt og hann nefndur aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, en aðrar helstu breytingarnar voru þær, að stofnaðar voru tvær nýjar deildir við sjóðinn: Togaradeild og jöfnunardeild. Jafnframt voru tekjustofnar sjóðsins auknir verulega. Togarar höfðu áður ekki heyrt undir sjóðinn, þótt togveiðar báta hafi hins vegar frá upphafi heyrt undir hann. Ástæðuna til stofnunar jöfnunardeildar mun einkum að finna í reynslu þeirri, er fengizt hafði af starfsemi hluttryggingasjóðs. Hafði oft komið fyrir á síldarleysisárunum, að taka þyrfti lán hjá hinni almennu deild sjóðsins, til þess að síldveiðideildin gæti staðið við skuldbindingar sínar. Var síldveiðideild hluttryggingasjóðs jafnan í allverulegri skuld við almennu deildina og við lánastofnanir allt fram að lagabreytingunni, og jafnvel lengur eða þar til síldveiðideildin tók að eflast með hinum stórauðum síldveiðum á þessum áratug.

Við lagabreytingu þessa voru tekjustofnar hinna einstöku deilda annarra en jöfnunardeildar ákveðnir 1.25% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Fyrir hina almennu deild bátafl. þýddi þetta hækkun úr 0.5% og fyrir síldveiðideildina úr 0.75%. Gjald á afurðir togaranna í þessu skyni var þá að sjálfsögðu lagt á í fyrsta skipti. Ríkissjóður lagði hinni nýstofnuðu togaradeild stofnframlag að upphæð 37.5 millj. króna, sem greiðast skyldi á 15 árum. Fram að umræddri lagabreytingu hafði framlag ríkissjóðs verið jafnt tekjum af útflutningsgjöldum. Með hinum nýju lögum var það ákveðið helmingur á móti tekjum af útflutningsgjöldum. Í reynd þýddi þetta nokkra hækkun ríkissjóðsframlagsins til hinnar almennu deildar bátaflotans, en nokkra lækkun til síldveiðideildar frá því sem áður var.

Tekjur jöfnunardeildar skyldu vera 50% tekna af útfluttum síldarafurðum og þorskafurðum báta- og togaraflotans.



Á árinu 1958 starfaði nefnd kjörin af Fiskipingi að tillögum um breytingar á lögum um hlutatryggingasjóð. Lagði nefnd þessi m. a. til, að tekjur sjóðsins skyldu auknar nokkuð. Var sú tillaga m. a. rökstudd með nauðsyn aukningar á starfsemi sjóðsins, en einnig var bent á, að rangskráð gengi (Útflutningssjóður) hefði verulegar tekjur af sjóðnum. Aðrar tillögur þessarar nefndar Fiskipings miðuðu að því, að laga ýmis missemið, er reynslan hafði leitt í ljós á lögum um hlutatryggingasjóð, svo og að því að styrkja framkvæmd laganna. Voru þessar tillögur flestar teknar til greina, er sett voru ný lög um sjóðinn nr. 77 28. apríl 1962.

### *B. Reglugerðir um hinar ýmsu deildir.*

Breytingar á reglugerðum um hlutatryggingasjóð voru af skiljanlegum ástæðum nokkuð tíðar, einkum hinnar almennu deildar bátaflotans. Var og vart hægt að gera ráð fyrir öðru, þar sem verið var að þreifa sig áfram eftir áður ókunnum stigum.

#### *a) Almenna deild bátaflotans.*

Hin fyrsta reglugerð hinnar almennu deildar sjóðsins, sem sett var skömmu eftir gildistöku laga um hlutatryggingasjóð, einkenndist fyrst og fremst af stórum bótasvæðum og fáum flokkum skipa (eftir stærð og tegund veiðarfæra). Eru hér á eftir birtar 1.—3. gr. þeirrar reglugerðar til samanburðar.

#### *1. gr.*

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót sbr. þó 10. gr., sem kveður á um, að einungis þeir, sem hafi sjávarútveg sem aðalatvinnu, komi til greina sem bótaþegar.

#### *2. gr.*

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land héraðs.
- III. flokkur: Skip undir 30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- IV. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- V. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu, án tillits til stærðar.
- VI. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót, án tillits til stærðar.

#### *3. gr.*

Veiðisvæði og bótatímabil skul vera sem hér segir:

- a) Fyrir skip í I. flokki. Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabilið skal vera frá 1. janúar til 31. maí.
- b) Fyrir skip í II. og III. flokki:
  1. svæði: Dyrhólaey — Reykjanes  
1. janúar — 31. maí
  2. svæði: Reykjanes — Öndverðarnes  
1. janúar — 31. maí
  3. svæði: Öndverðarnes — Bjargtangar  
1. janúar — 31. maí
  4. svæði: Bjargtangar — Sléttanes  
1. febrúar — 31. maí
  5. svæði: Sléttanes — Horn  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember

- 6. svæði: Horn — Siglunes  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
  - 7. svæði: Siglunes — Langanes  
1. marz — 30. nóvember
  - 8. svæði: Langanes — Vattarnes  
1. marz — 31. desember
  - 9. svæði: Vattarnes — Hornafjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
- c) Fyrir skip í IV. flokki:
- 1. svæði: Dyrhólaey — Hellissandur  
1. janúar — 31. maí
  - 2. svæði: Ólafsvík — Horn  
1. apríl — 30. nóvember
  - 3. svæði: Horn — Rifstangi  
1. marz — 30. nóvember
  - 4. svæði: Rifstangi — Langanes  
15. maí — 15. október
  - 5. svæði: Langanes — Digranes  
15. maí — 30. september
  - 6. svæði: Digranes — Kollumúli  
1. júní — 15. október
  - 7. svæði: Kollumúli — Glettinganes  
1. júní — 15. september
  - 8. svæði: Glettinganes — Gerpir  
1. júní — 15. október
  - 9. svæði: Gerpir — Hornafjörður  
1. marz — 31. október
- d) Fyrir skip í V. flokki:
- 1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes  
1. febrúar — 15. júní
  - 2. svæði: Reykjanes — Horn  
1. febrúar — 15. júní  
15. júní — 31. október
  - 3. svæði: Horn — Langanes  
15. febrúar — 15. júní  
15. september — 15. nóvember
  - 4. svæði: Langanes — Hornafjörður  
1. febrúar — 1. júní
- e) Fyrir skip í VI. flokki:  
Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

Reynslan virtist skjótlega skera úr um, að þetta fyrirkomulag, einkum það er snerti svæðaskiptinguna, væri ekki heppilegt og fullnægði ekki því ákvæði laganna, að á hverju veiðisvæði og í hverjum flokki skipa verða þær verstöðvar og þau skip, er líkust skilyrði hafa fyrir sama meðalveiðimagni. Reyndist m. a. þungt í vöfum að safna nægilega áreiðanlegum skýrslum af stórum svæðum, sem meta skyldi bóta-skyldu eftir. Þá kom berlega í ljós, að fiskiskipastóllinn, einkum hin smærri fiski-skip, en einnig þau, sem stunduðu dagróðra með línu og netjum, voru yfirleitt stað-bundin eða e. t. v. öllu heldur háð ákveðnum miðum í ríkari mæli en síðar varð. Gaf meðaltal stórra svæða af þessum sökum oft skakka mynd af aflbrögðum í ein-

stökum verstöðvum viðkomandi svæða. Stærðarflokkun skipanna var og þannig háttáð, að flest stunduðu dagróðra frá sömu verstöðinni alla vertíðina (bótatímabil) og lönduðu yfirleitt með fáum undantekningum afla sínum í þeirri verstöð. Stærð þessi leyfði vart þá tegund úthalds, sem síðar varð algeng (útilegu, veiðar með nót o. þ. h.), og vikið verður að hér á eftir.

Skjótlega komu því fram ákveðnar óskir frá þeim, er hlut áttu að máli og hagsmuna höfðu að gæta, um endurskoðun reglugerðarinnar. Fór endurskoðun fram á árunum 1952—1953, og tók ný reglugerð gildi á árinu 1953. Er til glöggvunar birt 2. og 3. gr. þeirrar reglugerðar.

## 2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
- III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
- IV. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land héraendis.
- V. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land héraendis.
- VI. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og netjum og leggja aflann ísaðan á land héraendis.
- VII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
- VIII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
- IX. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu og netjum.
- X. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
- XI. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
- XII. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu, netjum eða handfæri.
- XIII. flokkur: Opnir vélbátar, sem stunda veiðar með línu, handfæri eða netjum.
- XIV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með botnvörpu.
- XV. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með dragnót.

## 3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a) Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. flokki.
- b) Fyrir skip í IV., VI., VII., IX., og X. og XII. flokki:
  1. svæði: Vestmannaeyjar  
10. janúar — 15. maí
  2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki  
1. febrúar — 15. maí
  3. svæði: Þorlákshöfn  
15. janúar — 15. maí
  4. svæði: Grindavík  
1. janúar — 15. maí
  5. svæði: Hafnir og Sandgerði  
1. janúar — 15. maí
  6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
1. janúar — 15. maí
  7. svæði: Hafnarfjörður  
1. janúar — 15. maí
  8. svæði: Reykjavík  
1. janúar — 15. maí
  9. svæði: Akranes  
1. janúar — 15. maí

10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík  
1. janúar — 15. maí
11. svæði: Grundarfjörður  
1. janúar — 15. maí
12. svæði: Stykkishólmur  
1. janúar — 15. maí
13. svæði: Flatey  
1. janúar — 15. maí
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður  
1. febrúar — 31. maí
15. svæði: Arnarfjörður  
1. janúar — 31. maí
16. svæði: Dýrafjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
17. svæði: Öfundarfjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
18. svæði: Súgandafjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
19. svæði: Bolungarvík  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
20. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupst. og Álftafjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
21. svæði: Steingrímsfjörður  
1. janúar — 10. júní  
1. október — 31. desember
22. svæði: Höfðakaupstaður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
23. svæði: Skagafjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
24. svæði: Siglufjörður  
1. janúar — 20. júní  
1. október — 10. desember
25. svæði: Ólafsfjörður  
1. febrúar — 20. júní
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík  
1. febrúar — 20. júní
27. svæði: Akureyri  
1. marz — 30. júní
28. svæði: Flatey og Húsavík  
1. apríl — 15. desember
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn  
1. júní — 15. nóvember
30. svæði: Vopnafjörður  
1. júní — 15. september
31. svæði: Seyðisfjörður  
1. maí — 31. október
32. svæði: Neskaupstaður  
1. maí — 31. október

33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður  
15. apríl — 31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
1. febrúar — 31. maí  
1. júní — 31. október
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík  
1. febrúar — 31. maí  
1. júní — 31. október
36. svæði: Djúpvogur  
1. janúar — 31. maí  
1. júní — 31. október
37. svæði: Hornafjörður  
1. janúar — 31. maí
- c) Fyrir skip í V., VIII. og XI. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar  
1. marz — 11. maí
  2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki  
1. marz — 11. maí
  3. svæði: Þorlákshöfn  
1. marz — 11. maí
  4. svæði: Grindavík  
1. marz — 11. maí
  5. svæði: Hafnir og Sandgerði  
15. febrúar — 11. maí
  6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
15. febrúar — 11. maí
  7. svæði: Hafnarfjörður  
15. febrúar — 11. maí
  8. svæði: Reykjavík  
15. febrúar — 11. maí
  9. svæði: Akranes  
15. febrúar — 11. maí
- d) Fyrir skip í XIII. flokki:
1. svæði: Vestmannaeyjar  
15. febrúar — 15. september
  3. svæði: Grindavík  
1. maí — 30. september
  4. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður  
1. maí — 30. september
  5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
15. marz — 15. maí
  6. svæði: Hafnarfjörður  
15. maí — 30. september
  7. svæði: Reykjavík  
15. maí — 30. september
  8. svæði: Akranes  
15. maí — 15. ágúst
  9. svæði: Hellissandur  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 31. desember
  12. svæði: Stykkishólmur  
1. maí — 30. júní  
1. september — 15. desember

- 14. svæði: Arnarfjörður  
1. maí — 31. júlí  
1. september — 30. nóvember
- 17. svæði: Sígandafjörður  
1. maí — 31. október
- 18. svæði: Bolungarvík  
1. maí — 31. ágúst
- 20. svæði: Ísafjarðarkaupstaður  
1. maí — 15. október
- 21. svæði: Álftafjörður  
15. maí — 30. september
- 22. svæði: Steingrímsfjörður  
1. maí — 30. júní  
1. september — 30. nóvember
- 23. svæði: Höfðakaupstaður  
15. maí — 15. desember
- 24. svæði: Sauðárkrókur  
1. apríl — 31. desember
- 25. svæði: Hofsós  
1. apríl — 31. desember
- 26. svæði: Siglufjörður  
1. apríl — 31. október
- 27. svæði: Ólafsfjörður  
1. apríl — 31. október
- 28. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsstr. og Grenivík  
1. apríl — 30. júní  
1. ágúst — 30. nóvember
- 30. svæði: Húsavík  
1. apríl — 15. nóvember
- 31. svæði: Raufarhöfn  
15. maí — 15. október
- 32. svæði: Þórshöfn  
15. maí — 15. október
- 33. svæði: Bakkafjörður  
15. maí — 30. september
- 34. svæði: Vopnafjörður  
1. júní — 15. október
- 35. svæði: Borgarfjörður  
15. maí — 20. september
- 36. svæði: Seyðisfjörður  
1. júní — 15. október
- 37. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður  
1. júní — 15. október
- 38. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður  
15. apríl — 30. september
- 39. svæði: Vattarnes  
1. maí — 30. september
- 40. svæði: Fáskrúðsfjörður  
1. maí — 15. nóvember
- 41. svæði: Stóðvarfjörður  
1. marz — 31. október
- 42. svæði: Djúpivogur  
1. marz — 31. október

e) Fyrir skip í XIV. flokki:

1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes  
1. febrúar — 15. júní
2. svæði: Reykjanes — Horn  
1. febrúar — 15. júní  
15. júní — 31. október
3. svæði: Horn — Langanes  
15. febrúar — 15. júní  
15. september — 15. nóvember
4. svæði: Langanes — Hornafjörður  
1. febrúar — 1. júní

f) Fyrir skip í XV. flokki:

Veiðisvæði skal vera eitt fyrir allt landið. Bótatímabil skal vera frá 1. júní til 30. nóvember, nema á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi frá 1. febrúar til 30. nóvember.

- g) Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðsstjórnin ákveða hverju sinni, til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skuli teljast.

Eins og berlega kemur í ljós, þegar þessar tvær framangreindu reglugerðir eru bornar saman, eru meginbreytingarnar fólgnar í fjölgun stærðar- og veiðarfæraflokka báta, úr 6 í 15 rúml. og í verulegri fjölgun veiðisvæða. Einnig var bótatímabilum breytt og ný tekin upp.

Reglugerðin frá 1953 hélzt í öllum meginatriðum lítið breytt til ársins 1963. Þó var bætt við tveimur flokkum fyrir handfærabáta ásamt viðeigandi veiðisvæðum og bótatímabilum. Ýmsar tilfærslur voru og gerðar á þessu tímabili — mest á 3. gr. reglugerðarinnar. Var einkum um að ræða breytingar á bótatímabilum.

Í sambandi við endurskoðun og breytingu laganna um sjóðinn á árinu 1962, sem getið var um að framan, var einnig gefin út ný reglugerð nr. 94 18. júní 1963, sem enn er í gildi og hér verður að vísa til án þess að taka hana upp í skýringar þessar. Kemur í ljós, að enn hafa verið gerðar breytingar á stærðarflokkun svo og fjölgað veiðarfæraflokkum frá fyrri reglugerð.

Eins og greinilega kemur í ljós við samanburð á þessum þremur reglugerðum, einkum á 2. og 3. gr. þeirra allra, hefur rík tilhneiging verið í þá átt að fjölga veiðisvæða bótasvæðum, jafnvel svo að hver verstöð sé sjálfstætt svæði. Í þessu tilfelli er samt tekið nokkuð tillit til tegunda veiðarfæra. Þannig gildir þessi þróun almennt um þau veiðarfæri, sem kalla mætti fóst, svo sem línu og net, en síður um þau, sem nefna mætti laus, svo sem hotnvörpu, dragnót, nót og handfæri. Þó her að geta þess, að opnir vélbátar eru álitnir staðbundnir, hvaða veiðarfæri sem þeir nota.

Enda þótt stærðarflokkun samkvæmt reglugerð hafi breytt allmikið frá 1951—1953, var ástæðan til þess miklu fremur sú, að um réttlætismál þótti vera að ræða en að orðið hefðu verulegar breytingar á stærðarsamsetningu fiskiskipastólsins. Um tímabilið 1953—1963 gegndi aftur á móti öðru máli og stafaði breyting sú, er þá var gerð á stærðarflokkun samkvæmt reglugerð, einkum af hinni breyttu stærðarsamsetningu, sem hófst um og eftir 1959 og hefur verið mjög mikil síðan.

**b) Reglugerðir síldveiðideildar.**

Hin fyrsta reglugerð síldveiðideildar var sett hinn 26. október 1950. Fara hér á eftir fjórar fyrstu greinar þessarar reglugerðar:

**1. gr.**

Ákvæði reglugerðar þessarar taka einungis til þeirra skipa bótaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót á sumarvertíð.

2. gr.

Vertið sumarsildveiða skal talin frá 20. júní til 15. september, þó skal ekki skerða bótarétt þeirra skipa, sem hafa eigi styttri úthaldstíma en nemur meðalúthaldstíma skipa í sama flokki á vertiðinni.

3. gr.

Veiðisvæði sumarsildveiða skal vera eitt fyrir allt landið.

4. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Þessi reglugerð hélzt óbreytt allt til ársins 1958, að lögum sjóðsins var breytt 1962 eins og að framan getur. Í samræmi við lagabreytinguna var gerð tilsvareandi breyting á reglugerð sildveiðideildar, dags. 16. júlí 1958 sem hér segir.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda sildveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsildveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Veiðisvæði og bótatímabil fyrir sildveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skulu vera sem hér segir:

1. svæði: Dyrhólaey að Horni

15. maí til 30. september

1. október til 22. desember

2. svæði: Norðurland (austan Horns)

15. júlí til 30. september.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsildveiðum með herpinót eða hringnót skal skipt í flokka, sem hér segir:

I. fl. Herpinótaskip.

II. fl. Hringnótaskip.

Með fyrrgreindri reglugerð frá 1950, svo og breytingum frá 1958, var engin stærðarflokkun ákveðin. Hins vegar leiddi skipting í „herpinóta- og hringnótaskip“ til nokkurrar stærðarskiptingar, því að lengi framan af voru hin stærri skip með „herpinót“ og tvo báta, en hin minni skip með hringnót og einn bát.

Þess ber líka að minnast, að á árinu 1958 var sildveiðibátum skipt í flokka eftir því, hvort þeir voru búnir fiskileitartækjum eða ekki. Á næstu árum þar á eftir kom þessi flokkun hins vegar ekki til framkvæmda m. a. vegna þess, að fiskileitartæki voru sett í flest ef ekki öll skip. Einnig tók sildveiðin þá að glæðast, þannig að sjaldnar var um bótaskyldu að ræða.

Eins og að framan getur, hófst allmikil endurnýjun fiskiskipastólsins um þetta leyti. Bættust flotanum mörg ný skip og stærri en áður höfðu tíðkazi.

Jafnframt voru menn að komast upp á lag með að nota hringnótafyrirkomulagið á stærri skipum. Síðustu herpinótaskipin heltust úr lestinni eftir sumarsildveiðarnar 1961. Var þá svo komið, að sildveiðiskip frá 50—250 brúttórumlestir tilheyrðu hringnótaflokknum. Þar við bættist, að göngur síldarinnar tóku breytingum frá því sem áður var. Hætti síldin að ganga nær landi í nokkrum mæli, en hélt sig djúpt undan. Breyttust veiðimöguleikar bátanna allverulega, og urðu hinir smærri bátar afskiptir.



Um það leyti sem lagabreytingin kom til framkvæmda, var flokkun síldveiðiskipa eftir stærð orðin aðkallandi, enda var það tekið til greina, er ný reglugerð var samin í árslok 1962. Hins vegar voru breytingar allar á þróun síldveiða svo örar á þessum síðustu árum, að reglugerðin hefur tekið nokkrum breytingum frá því að hún var samin. Eru þær einkum fólgnar í nýjum bótatímabilum og veiðisvæðum. Virðist óþarfi að rekja þessa þróun hér. Hún mun flestum í fersku minni. Þó má geta haust- og vetrarsíldveiða austanlands með hringnót, sams konar veiða sunnanlands með hringnót og loks samdrætti og síðan niðurfellingu síldveiða með reknetjum.

Fer hluti núgildandi reglugerðar síldveiðideildar hér á eftir:

**1. gr.**

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til allra þeirra fiskiskipa, sem síldveiðar stunda með herpinót, hringnót, reknetjum eða botnvörpu.

**2. gr.**

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

**3. gr.**

- I. flokkur: Skip yfir 140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
- II. flokkur: Skip 90—140 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
- III. flokkur: Skip undir 90 rúml., sem veiðar stunda með hringnót.
- IV. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með herpinót.
- V. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
- VI. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með reknetjum.
- VII. flokkur: Skip yfir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.
- VIII. flokkur: Skip undir 100 rúml., sem veiðar stunda með síldarvörpu.

Við skiptingu veiðiskipa í flokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

**4. gr.**

Veiðisvæði skulu vera:

- I. Fyrir Norður- og Austurlandi  
15. júní — 31. ágúst  
1. október — 31. desember
- II. Fyrir Suðvesturlandi  
1. janúar — 28. febrúar  
1. júní — 31. ágúst  
15. október — 31. desember

Aðrar greinar reglugerðanna eru efnislega eins og finna má í reglugerð hinnar almennu deildar bátaflotans.

*C. Reglugerð hinnar almennu togaradeildar.*

Um þessa reglugerð er óþarfi að fara mörgum orðum, enda skýrir hún sig að mestu sjálf. Fara fyrstu þrjár greinar reglugerðarinnar hér á eftir.

**1. gr.**

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa togaraflotans, sem veiðar stunda með botnvörpu eða flotvörpu.

Reglugerðin tekur ekki til síldveiða.

**2. gr.**

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. fl. Skip yfir 750 rúmlestir.
- II. fl. Skip 450—750 rúmlestir.

Við skiptingu veiðiskipa í stærðarflokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá sjómannaalmanaksins.

### 3. gr.

Veiðisvæði skal vera eitt. Bótatímabil skal vera eitt, miðað við 335 úthaldsdaga.

Aðrar greinar eru samhljóða reglugerðum hinnar almennu deildar bátaflotans og sildveiðideildar. Hér ber að gæta þess, að samkvæmt sérstakri heimild Alþingis hverju sinni hafa bætur til togaranna alltaf nema einu sinni verið reiknaðar á hvern úthaldsdag en ekki samkvæmt reglugerð.

#### c) *Framkvæmd laga og reglugerða.*

Eins og gefur að skilja verða seint settar algildar reglur um starfsemi stofnunar sem aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Til þess er atvinnuvegurinn, sem stofnunin á að þjóna, háður of mörgum breytilegum þáttum og er auk þess sífellt að þróast. Af þessu leiðir, að lög og sérstaklega reglugerðir hafa hlotið að taka allmiklum breytingum á þeim árum, er sjóðurinn hefur starfað. Hafa þessar breytingar og orsakir þeirra að nokkru verið raktar hér að framan.

Augljóst má líka vera, að í því tilfalli, er hér um ræðir, verða því ekki þær reglur settar með lagaboði, er spanna öll þau atriði og margvíslegu vandamál, sem sífellt hljóta að skapast í jafn fjölbreytilegum atvinnuvegi og fiskveiðum. Þetta mun lög-gjafanum hafa verið fullljóst, enda mun hann hafa ætlað lögum það aðalhlutverk að mynda umgerð eða vettvang þess starfs, er sjóðurinn á að inna af höndum og sem fólgið er í því að draga úr því, er miklar almennar sveiflur í aflabrögðum hafa í för með sér.

Lögin marka því — eins og áður segir — meginstefnuna og kveða á um höfuð-reglur. Það gefur þess vegna auga leið, að þeir, sem stjórna málefnum sjóðsins, hljóta að verða að skýra og túlka ýmis mikilvæg lagaákvæði í framkvæmd, svo og að mynda reglur um þau afbrigðilegu mál og mál sérstaks eðlis, sem sífellt skjóta upp kollinum, og sem engar reglur settar í eitt skipti fyrir öll gætu með nokkru móti náð yfir.

Verða nokkur hinna helztu þessara atriða gerð að umræðuefni hér á eftir.

#### 1. *Bótatímabil og skipting veiðiskipa og verstöðva í flokka.*

Þessum atriðum, sem um er fjallað í 4. gr. nügildandi laga um aflatryggingasjóð, hafa þegar verið gerð nokkur skil hér að framan. Þeim er það sameiginlegt, að breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar, verður að miða við áramót eða a. m. k. vertíðarskipti. Ella er hætta á, að ýmis mismunun milli báta geti átt sér stað — t. d. ef þegar er búið að ljúka útreikningi fyrir ákveðna vertíð, er rökstuddar óskir koma um breytingar.

#### 2. *Meðalveiðimagn.*

Í 4. gr. laganna um aflatryggingasjóð er sjóðsstjórninni uppálagt að setja meðalveiðimagn svokallað, sem útreikningar bóta til einstakra skipa miðist við. Er þetta gert árlega fyrir hverja vertíð og flesta flokka báta, og eru nauðsynlegir útreikningar mikið verk. Frá upphafi hefur meðalveiðimagn verið fundið með tveimur aðalaðferðum: Að taka að mestu leyti tillit til aflabragða og að hafa hliðsjón af kauptryggingu áhafna. Hið fyrrnefnda er algengasta aðferðin og gildir um alla báta og veiðarfæraflokka hvarvetna um land, nema báta, sem fiska með (borsk-, síldar-, loðnunót o. s. frv.). Um þá gildir að mestu síðarnefnda aðferðin. Verður nánar vikið að þeim hér á eftir.

Við ákvörðun meðalveiðimagns eftir fyrrgreindu aðferðinni er venjulega lagður til grundvallar meðalafli undanfarinna fimm ára. Þar sem því er ekki til að dreifa, sem stundum getur komið fyrir um einstaka stærðar- eða veiðarfæraflokka, er stuðzt við reynslu nærliggjandi svæða eða á annan hátt reynt að gera sér grein fyrir aflamöguleikum á viðkomandi svæði. Samkvæmt tillögum Fiskipings, sem vitnað var í hér að framan, var sú regla upp tekin fyrir allmörgum árum að setja ákveðin efri mörk, sem meðalveiðimagn færi ekki upp fyrir, þó að aflamagn gæfi tilefni til.

Á sama hátt hefur meðalveiðimagn yfirleitt verið látið lækka hægar en aflabrögð ýmissa staða gáfu tilefni til og víða hefur meðalveiðimagni verið haldið óbreyttu á mörgum svæðum um allmörg ár, enda þótt aflabrögð hafi dregizt þar verulega saman. Hins vegar hefur aldrei verið sett hærra meðalveiðimagn en skýrslur um aflabrögð viðkomandi svæðis og flokks báta sýna, að unnt er að ná eða hefur náðst á því tímabili, sem skýrslur eru til um.

Við síðarnefndu aðferðina við útreikninga meðalveiðimagns, sem einkum hefur verið beitt við alla flokka báta, sem veiðar stunda með nótt, er höfð hliðsjón af kauptryggingu sem fyrr segir. Afli nótaskipa hefur fram á síðustu ár jafnan verið háður meiri og skjótari sveiflum en svo, að tækt þætti að miða við meðalafli ákveðins árabils, auk þess sem munur á aflabrögðum einstakra skipa er jafnan langtum meiri en hjá skipum, er veiðar stunda með öðrum veiðarfærum. Sveiflur í aflabrögðum þessarar veiðiaðferðar eru enn áberandi, ekki sízt hjá hinum minni stærðarflokkum.

Töluverður eðlismunur er á veiðum með nótt og veiðum með öðrum hefðbundnum veiðarfærum hér á landi. Í fyrra tilfellinu má segja, að aflinn sé svo til algjörlega háður kunnáttu skipstjórnarmanna á meðferð þess tækniútbúnaðar, sem nauðsynlegur er talinn. Í hinu síðara tilfelli er tækniútbúnaðurinn ekki eins margbrotinn, né virðist þörf jafnnákvæmrar þekkingar á því sviði. Þar er e. t. v. í ríkara mæli þörf annarra mikilvægra eiginleika sjómanna, svo sem þekkingar á fiskimiðum, göngum fisks o. fl.

Meðal almennra atriða, sem sjóðsstjórnin þarf sérstaklega að fjalla um og ekki eru til um nein reglugerðarákvæði, má einkum nefna tvö:

Í fyrsta lagi kemur oft fyrir, að skip leggi afla sinn á land á fleiri en einu bóta-svæði á bótatímabilinu, þannig að vafi kann að leika á hvar því skuli skipað, ef til bótagreiðslna kemur. Hefur þetta farið allmjög í vöxt á undanförunum árum. Var sú venja upp tekin fyrir allmörgum árum að telja skip þau, er þannig er ástatt um, til þeirrar verstöðvar, þar sem mestum hluta afla þeirra er landað. Þetta fyrirkomulag hefur stundum sætt nokkurri gagnrýni. Finnst ýmsum, að fremur eigi að miða við þann tíma, sem skipið er gert út frá hverri verstöð. Ýmsar gildar, praktiskar ástæður eru til þess, að miðað er við aflamagn.

Í öðru lagi ber oft við, að skip stunda veiðar með öðrum og fleiri veiðarfærum en reglugerðin gerir ráð fyrir á ákveðnu bótatímabili. Myndast þá nýir samsettir veiðarfæraflokkar. Eini samsetti veiðarfæraflokkurinn, sem núgildandi reglugerð gerir ráð fyrir er línu- og netjaflokkur. Þessir samsettu veiðarfæraflokkar geta verið margvislegir t. d. net og nótt, lína, net og nótt, lína og handfæri o. s. frv. Fjölbreytni þessara samsetninga getur verið mikil, og er nær ómögulegt að gera ráð fyrir öllum möguleikum í reglugerð. Verður því að leitast við að leysa þennan vanda á annan hátt. Þar sem ekki er talið annað fært en að miða bótaútreikning og greiðslur sem næst við heil bótatímabil, er ekki hægt að miða við hvert veiðarfæraúthald um sig, enda oftast um mjög stutt tímabil að ræða, þegar margar tegundir veiðarfæra eru notaðar á einni og sömu vertíðinni. Sjóðsstjórnin hefur því reynt að sameina þessa mismunandi flokka innan hvernar vertíðar eftir beztu getu.

Og þar sem gert er ráð fyrir bótatímabilum og meðalveiðimagni fyrir hvern veiðarfæraflokk, er þar með auðveldað það starf að sameina veiðarfæraflokka og setja þeim meðalveiðimagn.

### *3. Reglur um bótaútreikning.*

Samkvæmt 2. gr. laga sjóðsins er hlutverk hans að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum. „Almennur aflabrestur“ telst vera samkv. 6. gr. laganna, „ef meðalafli í einhverjum flokki sildveiðideildar eða hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinnar almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni“, sem fjallað var um hér að framan. Hér er sagt þerum orðum, að ekki skuli greiddar bætur til einstakra skipa, jafnvel þótt þau hafi fiskað illa, ef meðalafli skipa í þeim flokki er fyrir ofan

ákveðinn hundraðshluta ákvarðaðs meðalveiðimagns. Þetta er grundvallaratriði, sem oft er misskilið.

Í 4. gr. 1. tölul. er kveðið á um, að stundi skip ekki veiðar allt (bóta)timabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega. Á sama hátt virðist rökrétt að bæta úthald, sem lengra er en bótatímabilið, ef ástæðan til þess er eðlileg. Hefur það og jafnan verið gert. Þá hefur og verið reynt að fylgjast með fjölda sjóferða og athuga hlutfallið milli þeirra og heildarúthaldstíma viðkomandi skips. Hefur sjóðsstjórnin með skírskotun til 12. gr. laganna talið sér heimilt og skylt að setja reglur um, hvað telja beri eðlilegan sjóferðafjölda hinna ýmsu flokka skipa. Er þá tekið tillit til ytri aðstæðna, svo sem gæfta, fjölda lagna í sjóferð o. fl. Á þetta að sjálfsögðu einkum við hina almennu deild bátaflotans. Í 12. gr. laganna um aflatryggingasjóð sbr. 10. gr. reglug. 94/1963 er sjóðsstjórninni gert að rannsaka sérstaklega, ef grunur leikur á um rangar skýrslur, óstjórn eða óreiðu í útgerð og haga aðgerðum sínum samkvæmt því.

Ekki eru nein sérstök ákvæði um stærð áhafnar í lögum sjóðsins eða reglugerð. Þar sem hins vegar meðal veiðimagnt er miðað við eðlilega stærð áhafnar í hverjum flokki og jafnframt gengið út frá því, að þá sé um eðlilega, venjubundna veiðarfæranotkun að ræða (fjöldi netja í sjó, línulengd o. fl.), hefur sjóðsstjórnin ávallt haft hliðsjón af stærð áhafnar og skert bætur, ef um færri menn er að ræða en eðlilegt má teljast.

Frátafir skips vegna vélbilunar eða annars tjóns hafa ekki verið viðurkenndar við útreikning bóta — heldur aðeins tekið tillit til þess tíma, sem skipið hefur sannanlega verið að veiðum. Hér er um allviðkvæmt mál að ræða. Þó mun ekki of mikið fullyrt, þótt því sé haldið fram, að ótrúlegir erfiðleikar myndu vera á því að meta vélbilanir og annað tjón. Kemur bæði til greina mismunandi aldur skipa og véla, misjöfn umhirða, auk möguleika til misnotkunar, þar sem vilji til slíks kynni að vera fyrir hendi.

#### *D. Skýrslusöfnun og trúnaðarmenn.*

Undirstaða skýrslukerfis aflatryggingasjóðs eru skýrslur Fiskifélags Íslands. Er raunar vandséð, hvernig sjóðurinn kæmist af án þeirra, nema komið yrði á fót sjálfstæðu kerfi með tilheyrandi starfslíði, fyrirhöfn og öðrum kostnaði.

Fiskifélagið miðar skýrslusöfnun sína við þarfir hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja, sem þessarar þjónustu þurfa með, þ. m. t. aflatryggingasjóður.

Trúnaðarmenn Fiskifélagsins í hinum ýmsu verstöðvum eru jafnframt trúnaðarmenn aflatryggingasjóðs.

Á tuttugu ára starfstíma sjóðsins hefur allra bragða verið leitað til að flýta bótaákvörðunum og bótaútreikningi. Að áliti nefndarinnar hafa orðið miklar framfarir á því sviði, einkum frá árinu 1956 að telja, en þá voru gerðar gagngerar endurbætur á skýrslusöfnun og úrvinnslu frá Fiskifélaginu.

Þá hefur það verið venja nokkur undanfarin ár að reyna að greiða útvegsmönnum upp í væntanlegar bætur strax, þegar starfsmenn sjóðsins hafa sannfærzt um bótaskyldu. Hefur þetta fyrirkomulag auðveldað útvegsmönnum að standa við skuldbindingar sínar sbr. 13. gr. laganna.

#### *IV. Fylgiskjöl.*

Eins og áður er getið, ritaði nefndin mörgum aðilum bréf 11. janúar og 15. febrúar 1966, sem var ítrekað 17. nóvember 1966 og skýrði þeim frá því, að hún hefði hafizt handa um endurskoðun laganna um aflatryggingasjóð í samræmi við þingsályktunartill. frá árinu áður um það efni. Í bréfinu óskaði nefndin eftir tillögum og ábendingum þessara aðila um hugsanlegar breytingar á lögnum. Eins og skýrt er frá í greinarg. varð eftirtekjan harla rýr um fjölda svara, þótt oft væri eftir leitað munnlega. Bárust svör frá aðeins fjórum aðilum. Voru þau gaumgæfilega athuguð af nefndinni og tekið tillit til þeirra, eftir því sem efni stóðu til. Eigi þykir tilefni hér

til að gera grein fyrir ástæðum fyrir því, að sum atriði þótti ekki rétt að taka í lagafrumv. þetta, en sum þeirra gætu átt heima í reglugerð og enn önnur gætu orðið til hliðsjónar við framkvæmd gildandi laga og þeirra breytinga, sem hér eru gerðar till. um, ef að lögum verða. En að öðru leyti verður að skoða þau í ljósi gildandi laga og lagafrumvarpsins og skýringa með því. Bréf þessi fara hér á eftir:

#### ÚTVEGSMANNAFÉLAG EYJAFJARÐAR OG NÁGRENNIS

Ódagsett.

##### Tillögur um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Á fundi í Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis hinn 19. febrúar s.l., var bréf yðar um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, dags. 5. febrúar s.l., tekið til umræðu.

Fundarmenn voru sammála um, að breytinga væri þörf á lögum sjóðsins og benda á tillögu um þetta mál, sem samþykkt var á Fjórðungsþingi fiskideilda í Norðlendingafjórðungi í nóvember s.l. svo hljóðandi:

- A. Bætur úr sjóðnum, ef um aflabrest er að ræða, verði miðaðar við að fáist sem lágmark bætt það, sem á skortir, að náist full kauptrygging þeirra manna, sem við veiðarnar starfa, og tilsvarendi upphæð til útgerðarinnar, samkvæmt skiptakjörum.
- B. Unnið verði að því, að sömu bætur við aflabresti verði um landið allt í sömu skipastærð.

Fundurinn telur, að sjóðurinn þurfi að hafa trúnaðarmenn út um land, a. m. k. einn í hverjum fjórðungi, til þess að fylgjast með aflabrogðum og útgerð báta svo og gefa útvegsmönnum upplýsingar og sjá um greiðslu bóta á sínum svæðum. Eðli- legast væri, að trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands tækju að sér þessi störf.

F. h. Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis,

Bjarni Jóhannesson  
(sign.).

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.

Vestmannaeyjum, 8. marz 1966.

Þér skrifið samtökum okkar bréf, dags. 5. febrúar 1966, þar sem þér óskið eftir athugasemdum og sjónarmiðum okkar Vestmannaeyinga um breytingar á lögum aflatryggingasjóðs, sem nú á að fara að vinna við.

Því miður eru lög þessi orðin að landslögum, sem þvinga útgerðarsvæði að vera í sjóðnum, hvort sem þau vilja vera eða ekki. Við myndum nú að fenginni reynslu samþykkja strax niðurfellingu á aflatryggingasjóði, þar sem við höfum í heild látið miklu meira fé í hann en við höfum úr honum fengið. Í stað þess fengju Vestmannaeyjar beint 1.4% af útflutningi sínum, sem lagt yrði hér heima í sjóð, er við sjálfir hefðum alla ákvörðun og umsjón með, til úthlutunar á bátafloða okkar.

Með hinum lélega útgerðargrundvelli, sem nú er, vegna lágs hráefnisverðs til útgerðar, og sívaxandi verðbólgu, sem allt gleypir, höfum við enga löngun til að gefa eða lána óafturkræft, okkur óþekktum og óviðkomandi bótasvæðum, fjárhæðir, sem skipta miljónum, eins og við höfum gert hin seinni ár hér í Eyjum. Væri ekki orðin þörf á að láta fara fram skoðanakönnun á bótasvæðum sjóðsins, um þetta atriði?

Þá mótmælum við og lýsum hreinni undrun okkar á, hvernig nefnd sú er skipuð, sem annast á umrædda endurskoðun á lögum aflatryggingasjóðs. 6 menn eru tilskipaðir að vinna mjög þýðingarmikið verk í þágu útgerðarinnar, sem þeim er að

helling nokkuð sama um og geta ekki talið sig neinu skipta, hvernig um afgreiðslu fer á, þar sem þetta er algerlega utan þeirra hagsmuna sem launþega, enda sér 13. gr. laganna, með smábreytingu, að á eftir 1. setning komi: „og ber stjórn sjóðsins þá að krefjast o. s. frv., þeirrar tryggingar“. Þessi grein tryggði þá sjómönnum fulla greiðslu sinna launa, þó enginn fulltrúi væri frá sjómannasamtökunum, en þeir eru 3. 4. maður er svo frá F.Í.B., rígbundinn við þeirra sjónarmið, og hlýtur að vera miklum hæfileikum gæddur, ef tekið er tillit til, hvað miklu hann hefur áorkað fyrir F.Í.B. í sjóðsstjórninni, en einmitt þeir 2 aðiljar, sem nefndir hafa verið, eru líklegastir að þurfa samvinnu við til hagsbóta fyrir sína umbjóðendur.

L.Í.Ú.-maðurinn getur í sumum tilfellum orðið skiptur milli báta og togara, ef svo ber undir. Þannig eiga bátarnir, sem þó leggja margfaldan meiri hluta af fjármagninu til sjóðsins, aðeins 1½—2 menn, sem örugglega styðja sjónarmið þeirra í ágreiningsmálum.

Við lítum svo á, að sanngjarnt væri, að 1 sameiginlegur fulltrúi væri frá Sjómanna-samtökunum, bæði í þessari nefnd og í sjóðsstjórninni, fiskimálastj. oddamaður eins og verið hefur, hinir stjórnarmeðlimirnir hljóta að eiga að vera frá Landsfjórðungunum 4, Reykjav. og Vestm., kosnir af útgerðarsamtökum bátadeildanna á hverju þessara svæða.

Þá teljum við, að reynslan sé búin að sanna það, að nú beri algjörlega að aðskilja F.Í.B. frá bátadeildunum, þar eiga engin samskipti að eiga sér stað meira, annað en að innheimta útistandandi skuldir við F.Í.B.

Frá upphafi hafa bátadeildirnar verið látnar lána F.Í.B. stórfé, sem í mörgum tilfellum hefur dregið úr bótum til bátanna, jafnframt því að sýna þeirra afkomu betri en hún raunveruleg hefur verið. Þetta hefur verið gert á móti vilja útgerðarmanna almennt á bátaflotanum, eins og oft hefur komið fram á L.Í.Ú.-þingum, en togarasjónarmiðin hafa ráðið í sjóðsstjórninni, illu heilli, í þessu máli og lánveitingar réttlættar með því, að á þeim væri ríkisábyrgð.

Verði eitthvert tillit tekið til þessara 2 höfuðsjónarmiða okkar, teljum við svo mikið hafa áunnizt, að aðrar breytingar, sem gerðar kunna að verða, séu hreinir smámunir miðað við þessar tvær. Þó viljum við lýsa andstöðu okkar við fyrri hluta tillögu Sjávarútvegsnefndar varðandi aflatryggingasjóð, a-lið, á nýlega afstöðnu Fiskipingi, þingskjal nr. 23, þar segir: „Að bátar í sama stærðarfl. o. s. frv.“ Þetta er framsett til að draga enn meira af fé sjóðsins til dauðu svæðanna en verið hefur, en í sama hlutfalli minnkaði þá bótavon betri veiðisvæðanna.

Þá eiga bótatímabil að vera 2 yfir árið á öllum holfiskveiðum, vetrarvertið til 15. maí, sumar- og haustúthald út árið. Síldveiðar, stór skip, vetrarvertið, sameiginleg notkun síldar-, fisks- og loðnunótar til 15. maí, síðan 1 bótatímabil út árið, minni síldarskip að 120 tonnum, sem aðeins stunda sumarveiðar, verði í sérbótaflokki.

Þá er ein breytingartillaga, sem við leggjum áherzlu á að fá inn í lögin. Í samningum um togveiðikjörin er kveðið á um, að á bátum 50—90 tonn skuli vera 9 menn á báti, (annars staðar 50—110 tonn, 8 menn). Þessari hámarkstölu hefur verið reiknað með til bóta. Nú höfum við reynslu fyrir því, að svona marga menn þarf alls ekki á þessa báta. Í hinni gífurlegu mannekle, sem er, fæst jafnvel alls ekki þessi samningstala, auk þess vilja áhafnir ekki vera fleiri en nauðsyn krefur, vegna þess að þá lækka kjörin hjá þeim. Vegna þessa höfum við Vestmannaeyingar verið nær eingöngu með 5—6 menn á þessum bátum.

Nú hefur sjóðsstjórnin á liðnum árum lækkað bæturnar til bátanna frá áður nefndri hámarkstölu, eftir því hve margir menn hafa verið á bát. Þetta er því óskiljanlegra sem það er staðreynd, að fáir menn eru miklu dýrari í skiptaprósentu en fleiri menn fyrir útgerðina, og ættu bæturnar því að fara hækkandi en ekki lækkandi með færri mönnum. Það er ákveðin skoðun okkar, að þessi bátastærð eigi að miðast við 6 manna áhöfn, og bætur við það miðaðar, sem þá myndi verða sú algengasta eins og er.

Þá er nauðsynleg breyting á niðurlagi 12. greinar, en þar segir: „Skip, sem stundað hafa veiðar  $\frac{1}{3}$  bótatímabils eða skemur, koma ekki til greina við bóta-útreikning.“ Í beinu tilfalli er ekkert við þetta atriði að athuga, en þó geta orðið til útgerðartilfalli, sem óréttlátt er að láta heyra undir þennan lið laganna, t. d. byrjar togbátur 15. maí á fiskitrolli, er á því til miðs júní. (Hann gæti alveg eins verið með humartroll á sama tíma).

Þá skiptir hann yfir á hitt trollið, og er með það í mánuð og tuttugu daga. Nú hefur aflinn brugðizt þennan tíma, og þess vegna tekur þessi bátur aftur fiskitrollið og er með það út veiðitímann, jafnvel árið. Þetta hefur oft átt sér stað hér. Í heild er veiðitímabilið bótaskyld, en nú á samkv. lögunum að draga frá 1 mánuð til bóta.

Þessi veiðarfæri eru svo til alveg eins í öllum rekstri, báturinn var við veiðar allt bótatímabilið. Er ekki ranglátt að hegna útgerðinni í bótum fyrir það að hún gerði tilraun til að bæta rekstur bátsins með yfirskiptingunni? Eru þarna ekki of þröng sjónarmið, sem nauðsynlegt er að verði löguð?

Við höfum nú bent á það helzta, sem okkur finnst ábótavant við sjóðinn og lög hans, og teljum, að ef nefndin tekur ekki ábendingar okkar til greina, skaði hún sjóðinn stórlega með því. Þá koma vonandi önnur útvegsmannafélög, með það sem okkur hefur sézt yfir í endurskipulagningu aflatryggingasjóðs.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,

Jóhann Pálsson,

(sign.).

## LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 20. desember 1966.

Vísa til bréfa yðar frá 5. febrúar 1966 og 17. nóvember 1966, þar sem þér farið fram á, að vér greinum yður frá athugasemdum vorum og sjónarmiðum, varðandi breytingar á gildandi lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Vér viljum sérstaklega leggja áherzlu á, að vér teljum mjög nauðsynlegt, að útreikningum sjóðsins sé hraðað sem unnt er. Vildum vér leggja til, að athugað yrði gaumgæfilega, hvort nauðsynlegt sé, að beðið sé eftir aflskýrslum frá einstökum útvegsmönnum, í stað þess að leggja til grundvallar þær skýrslur, er Fiskifélagi Íslands berast yfir landaðan afla í hverri verstöð, en þær skýrslur berast mun fyrr.

Á framangreindan hátt ættu að fást mun fyrr upplýsingar um það, hvort viðkomandi bátaflokkar séu bótaskyldir, en eins og að líkum lætur, er afar nauðsynlegt fyrir eigendur báta, sem aflað hafa það illa, að fá bæturnar sem fyrst greiddar, ef um þær er að ræða.

Bætur vegna s.l. tveggja vetrarvertíða hafa að stærstum hluta verið greiddar út í ágúst/september, og má sjá á því, hve afgreiðsla hefur gengið illa.

Eins og segir hér að framan, þá viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að afgreiðslu bóta verði hraðað sem mest.

Varðandi aðrar breytingar, þ. e. skiptingu bótasvæða o. þ. h., þá ætlum vér að stjórn sjóðsins og starfsmenn geti upplýst hverra breytinga sé þörf, þar eð kvörtunum varðandi það efni hefur væntanlega verið komið á framfæri við þessa aðila.

Vér viljum taka fram, að framangreint teljum vér eindreginn vilja Landssambandsins, svo og hinna einstöku útvegsmannafélaga, og þar sem samtökin tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til að endurskoða löggin um aflatryggingasjóð, þá væntum vér þess, að fulltrúi vor komi fram með þær breytingar aðrar, sem hann telur til bóta í sambandi við endurskoðun laganna.

Að lokum viljum vér geta eftirfarandi ályktunar, sem samþykkt var á nýafstöðnum aðalfundi vorum:

„Aðalfundur L.Í.Ú. 1966 samþykkir að kjósa 5 manna aðalnefnd og 2 til vara, er geri tillögur til breytinga á lögum eða reglugerð um aflatryggingasjóð bátavégsins. Þessi nefnd athugi sérstaklega um: Skjótari og einfaldari afgreiðslu bóta, skiptingu bótasvæða, útreikning á bótaskyldu og truflanir á úthaldstíma. Fundurinn treystir því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. marz n.k. Kostnað vegna þessara nefndarstarfa telur fundurinn eðlilegt að samtókin greiði.“

Á aðalfundinum voru valdir 5 menn í nefnd þá, sem getið er um í ályktuninni. Nefnd þessi er eigi búin að skila álit, og getur það dregið eitthvað. Teljum vér eigi ástæðu til þess að þér frestið endurskoðun laganna vegna þess, þar eð unnt verður að koma þeim úrbótum, sem nefndin kann að koma með, á framfæri á seinni stigum málsins.

Í trausti þess, að þér ljúkið störfum sem allra fyrst, og komið með raunhæfar breytingar, sem hafa í för með sér hraðari afgreiðslu á málum þeim, sem aflatryggingasjóð er ætlað að fjalla um.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sig. H. Egilsson,  
(sign.).

#### SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 1. marz 1967.

Sjómannasambandið viðurkennir að hafa mótttekið heiðrað bréf aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins dags. 17. nóvember 1966, þar sem beðið er um athugasemdir eða sjónarmið Sjómannasambandsins um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð og/eða framkvæmd laganna.

Eftir að sambandið hafði mótttekið bréf dags. 11. janúar 1966, frá nefnd þeirri, er skipuð var 16. júlí 1965, til þess að annast endurskoðun á lögunum um aflatryggingasjóð, sendi það öllum sambandsfélögum sínum lögin eins og þau voru og eru, og óskaði tillagna þeirra um hugsanlegar breytingar á lögunum, ef uppi væru óskir um það.

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að sambandsfélögin létu eitthvað til sín heyra, varðandi þessi mál, hefur ekkert komið frá þeim.

Þar sem svo er, og einnig það, að í nefnd þeirri er á sínum tíma var falið endurskoðun á lögunum eru ágætir fulltrúar flestra þeirra aðila er lögin varða, vill stjórn Sjómannasambandsins fyrir sitt leyti, fela þeirri nefnd að taka nú þegar til starfa við verkefni það, sem henni var falið, í trausti þess, að það verði þann veg unnið, að allir viðkomandi megi vel við una.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðson,  
(sign.).

Reykjavík, 12. desember 1969.